

hreppstjóra með valdi og ábyrgð samkvæmt tilskipun frá 5. janúar 1866 og öðrum ákvörðunum.

5.

Í þeim parti af Árnessýslu, sem er fyrir austan hið kláðagrunaða svæði, í Rangárvallasýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadals-sýslu, Dalasýslu og Húnavatnssýslu, skulu sem fyrst eptir rjettir, nákvæmar skoðanir fram fara á öllu fje, og um það samdar skýrslur samkvæmt fyrirmyndinni b. Þessar skýrslur ber sýslumönnum í tjeðum sýslum, að senda hlutaðeiganda amtmanni sem allra fyrst, og skulu þeir annast hið nauðsynlega um þessar skoðanir.

Landshöfðinginn yfir Íslandi. Reykjavík, 30. ágúst 1875.

**Hilmar Finsen.**

*Jón Jónsson.*

*Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).*

Eptir að þjer herra amtmaður höfðuð í brjefi frá 25. þ. m. sagt álit yðar um ráðstafanir þær, er jeg gat um í brjefi mínu frá 12. f. m., hef jeg í dag gefið út auglýsingu, er prentuð verður í stjórnartíðindunum, um ráðstafanir til upprætlingar fjárkláðans, og sem jeg með þessu brjefi sendi yður exemplör af til úthýtingar til hreppstjóra og hreppsnefnda á svæðinu milli Hvítáanna og í þeim sveitum, er liggja að þessu svæði. Af skýrslufyrirmyndum þeim, er fylgja auglýsingunni, hef jeg látið prenta svo mörg exemplör, að hver hreppsnefnd milli Hvítáanna geti fengið til afnota 5 exempl. af

taka 4 pund af steinkalki og hella á það svo miklu af köldu vatni, að hjer um bil fljóti yfir það eða svo að það geti allt vöknað vel. Hitnar þá í því innan skamms, og ef í því er hrært, verður það að þykkri leðu, en þó rennandi. Þá eru látin 5 pund af pottösku saman við kalkleðjuna, og það slegið og hrært, þangað til að pottaskan hefur fullkomlega sameinað sig við kalkið og engir molar finnast. Þá eru 3 pund af tjöru látin í smátt og smátt; en ekki öll í einu, og hver skamtur fyrir sig hrærður vandlega saman við, áður hinn næsti er látinn í. Að síðustu eru 6 pund af rammlyktandi hjartarhornsolíu látin í á sama hátt og tjaran.

Þegar baða skal, á fyrst að búa til í hentugri baðkistu laug af volgu vatni og kúahlendi (ekki minna en einn þriðjungur kúablends), og eiga að minnsta kosti 3 pottar af vatns- og kúahlands-blöndunni að vera í baðkistunni fyrir hverja kind, sem menn vilja baða, þegar kindin er í vetrarreifi. Saman við þenna lög láta menn svo mikið af badlyfjunum, að svari einu pundi fyrir hverja 10 potta lagarins. Fyr en þessi lyf eru látin í löginn, á að hræra þau út í dáiitlu af því hlendi, sem til baðsins er ætlað, köldu. Þegar lyfin þar eptir eru látin í baðið, á sjerlega að gæta þess, að baðið sje máttulega heitt (ekki meira en vel nýmjólkurvolgt); því ef baðið er of heitt, aðskiljast lyfin og gera ekki hið tilætlaða gagn, en skemma ullina.

Þá er kindin er látin í baðið, skal varast það að láta baðlöginn koma í augu, eyru eða nasir hennar, og má þó gæta þess svo vandlega sem bezt er kostur á, að enginn óbaðaður blettur verði eptir á kindinni. Þess verður vel að gæta, að láta ekki kindina verða innkulsa eptir baðið, og á því að halda henni við hús og föður, þangað til hún er búin að ná sjer alveg aptur.

Hafi kind sú, sem á að baða, verið fundin með kláða, skal nokkra daga í röð, fyr en kindin er böðuð, einu sinni á hverjum degi bera smyrslí á kláðablettina, þangað til að allir hrúðrar eru bleyttir upp og myktir undir baðið. Smyrsl þessi eru svo til búin, að taka skal 1 part af terpentínolíu, 1 part tjöru, 1 part græsápu, allt eptir vigt, blanda þetta saman og bræða það yfir hægri glöð. Einnig má og við hafa til íburðar góða tóbakssósu. Þegar búið er að bleyta upp hrúðrana, og ná þeim burt, skal baða jafnskjött.

Sje baðið rjettilega til búið, eykur það þrif, drepur maur og lús, eyðir kláða og óþrifum, bætir ullina og fælir dýrbít, meðan sterkjulyktin er af kindinni, og eins er það sannreynt, að valziska baðið varnar bráðasóttinni, þar sem það er við haft fyrri part vetrarins.

1875

59  
30sta  
ágúst.60  
30sta  
ágúst.

1875

60  
30sta  
ágúst.

fyrirmyndinni a, og hver hreppstjóri á kláðasvæðinu 10 expl. af fyrirmyndinni b og 20 expl. af fyrirmyndinni c, en hver hreppstjóri í sveitum þeim, þar sem skoðanir eiga að fara fram samkvæmt 5. gr. auglýsingunnar 4 expl. af fyrirmyndinni b, og eruð þjer beðnir að sjá um, að fyrirmyndunum verði skipt í þessu hlutfalli.

Með tilliti til þess, sem þjer í nefndu brjefi segið um, að þjer efist um, að heimild sje til að skera niður hjá öðrum fjáreigöndum en þeim, er sjúkt fje finnast hjá, þrátt fyrir það, þó þeir hafi ekki hús og hey handa skepnum sínum, skal jeg geta þess, að jeg fæ ekki betur sjeð en, að allt fje milli Hvítáanna megi álíta grunað, og að valdstjórnin hafi, ef lækningum þeim, er fyrirskipaðar eru, getur eigi orðið framgengt vegna þess, að fjáreigendur hafa ekki nægileg hús nje heyfóður, bæði skyldu og rjett til að gjöra tryggjandi ráðstafanir til, að fje, sem líkindi eru til að kláði dyljist í, þó hann sje eigi en orðinn svo megn, að hann finnist við skoðun, verði eigi til að breiða út sóttnæmið, en einasti vegurinn til þess annar en lækningameðferðin, er niðurskurður, sem að öðru leyti sjálfsagt verður að ákveða samkvæmt fyrirmælum tilskipunarinnar frá 4. marz 1871.

Í brjefi mínu frá 12. f. m. hef jeg tekið fram, að bændur, sem vildu setja fje á vetur á svæðinu milli Hvítáanna, yrðu að ætla hverri skepnu að minnsta kosti hálfsmánadarfóður, og skal jeg með tilliti til þess, að dýralæknirinn eptir brjefi yðar hefur talið 3 mánaða fóður nauðsynlegt, geta þess, að jeg hef að eins tiltekið hið minnsta fóður, sem spurning gæti orðið um að mínu áliti; en að öðru leyti geri jeg eins og sjá má af fyrirmynd a, við auglýsingu mína frá í dag, ráð fyrir, að í hverjum hreppi verði sjerstaklega gjörð áætlun um tíma þann, er ætla megi skepnunum innigjöf í, ef að minnsta kosti 3 baðanir eiga að fara fram.

Jeg er yður samdóma um það, að ástæða sje til að skipa sjerstaklegt lögreglueptirlit hlutadeigandi sýslumönnum til aðstoðar í sjóarsveitunum, sem eru Út-Ölfus, Selvogs, Grindavíkur, Hafnar, Rosmhvalanes- og Vatnsleysustrandarhreppar, og ímynda jeg mjer, að einn lögreglustjóri geti með aðstoð dýralæknis tekið að sjer tilsjón með framkvæmdunum í sveitum þessum.

Í hinum sveitunum á hinu kláðagrunaða svæði, og í sýslum þeim í umdæmum yðar sem nefndar eru í 5. gr. auglýsingarinnar, ætlast jeg til, að þjer skipið hinum reglulegu lögreglustjórum að sjá um framkvæmdirnar í þessu áriðanda máli samkvæmt auglýsingunni og á þann hátt, sem jeg hef bent til í 3. tölul. brjefs míns frá 12. f. m.<sup>1</sup>.

61  
31sta  
ágúst.

*Brjef landshöfðingja (til biskups).*

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefur hans háligi konunginum þóknast 11. þ. m. mildilegast að fallast á,

að Stadarhraun og Álptártungu-prestakall í Mýra-prófastsdæmi verði sameinað við Hítardalsbrauð í eitt prestakall,

að presturinn í hinu sameinaða embætti skuli skyldur innan þess tíma, sem biskupinn yfir Íslandi nákvæmar mun tiltaka, að flytja að Stadarhrauni,

að embættað verði 3. hvern helgidag til skiptis í Stadarhrauns-, Hítardals- og Álptártungukirkjum,

að kirkjujarðir Hítardals, Brúarhraun 14 hundr. að dýrleika með 4 kúgildum og

1) Sama dag var ritað amtmanninum í norður- og austurumdæminu og sýslumanninum í Húnavatnssýslu um framkvæmdir á banninu gegn fjárrekstrum suður fyrir Hvítá og á skoðunum í Húnavatnssýslu samkvæmt 5. grein auglýsingarinnar.